



GJALDSKRÁ

fyrir stofngjöld ljósleiðaratenginga og
mánaðarlegt aðgangsgjald að ljósleiðartengingum **2022**

1. gr.

Dalaveitur ehf. á og rekur ljósleiðarakerfi í dreifbýli Dalabyggðar. Dalaveitum ehf. er samkvæmt gjaldskrá þessari heimilt að selja aðgang að ljósleiðaranum.

2. gr.

Eigendur íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa og lögaðilar (fyrirtæki, rekstraraðilar) í dreifbýli Dalabyggðar geta óskað eftir því að tengjast ljósleiðarakerfinu. Útfyllt umsóknareyðublað skal skila Dalaveitum ehf. á netfangið dalaveitur@dalir.is eða á skrifstofu Dalabyggðar. Stofngjald ljósleiðara er **315.000 kr.** án vsk. Standi stofngjald ekki undir lagningu heimtaugar bætist við viðbótarkostnaður þannig að greiddur sé raunkostnaður við lagningu og tengingu heimtaugar.

Í öllum tilfellum skulu lagnir utanhúss og inn fyrir húsvegg vera í eigu Dalaveitna ehf. en lagnir innanhúss á ábyggð húseiganda. Gert er ráð fyrir fullu samráði við landeigendur um staðsetningu lagna og hentugra lagnaleiða.

3. gr.

Einungis starfsmenn eða þjónustuaðilar á vegum Dalaveitna ehf. mega annast útsetningu á ljósleiðarastreng, lagningu tenginga eða breytinga á ljósleiðarakerfinu.

Dalaveitur ehf. tengir viðkomandi notanda við ljósleiðarakerfið að hans beiðni enda hafi viðkomandi uppfyllt eða samþykkt skilyrði þess að tengjast ljósleiðaranum. Sama á við um samninga, aðgang og tengingar fjarskiptafélaga sem þjónusta notendur með tengingum sínum.

4. gr.

Allar skemmdir sem kunna að vera gerðar á ljósleiðaranum eða búnaði tengdum honum skulu að fullu greiddar af þeim sem tjóninu veldur.

5. gr.

Mánaðargjöld notenda fyrir afnot af ljósleiðara Dalaveitna ehf. eru sem hér segir (**án vsk**):

- Gjald pr. heimtaug, vegna íbúðar- og sumarhúsa **kr. 2.734**
- Gjald pr. heimtaug, vegna lítilla fyrirtækja **kr. 2.734**
- Gjald pr. heimtaug, vegna stærri fyrirtækja og opinberra stofnana **kr. 11.025**
- Gjald pr. heimtaug, vegna fjarskiptamastra og -húsa **kr. 22.050**

6. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum samkvæmt ákvörðun stjórnar Dalaveitna ehf.

7. gr.

Dalaveitur ehf. hefur rétt til að loka fyrir aðgang að ljósleiðarakerfi félagsins gagnvart þeim notendum sem vanrækja að greiða áskriftargjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir notandi.

8. gr.

Eftirlitsmanni Dalaveitna ehf. skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum búnaði eða kerfum sem tengd eru við ljósleiðara Dalaveitna ehf. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum eftirlitsmanns um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á notkun ljósleiðarans.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Dalaveitna ehf. þann **xx. mm 2021** og tekur þegar gildi.

Kristján Sturluson
sveitarstjóri og framkvæmdarstjóri Dalaveitna ehf.